

Faghópur I

Fundargerð 29. fundar, vinnufundur

Hótel Hekla, Skeiðum 8.-10. janúar 2009

Mætt:

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Gísli Már Gíslason, Haukur Jóhannesson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Ólafur Arnalds, Ragnheiður Traustadóttir, Snorri Baldursson, Sólborg Una Pálsdóttir. Fundaritari, Rannveig Thoroddsen.

8. janúar 2010

Lagt af stað frá Orkustofnun upp úr kl. 8.30 og komið að Hótel Heklu um 10 leytið.

- 1. Undirbúningur.** Þóra Ellen fór yfir dagskrána, vinnutilhögun, tiltæk gögn og verkaskiptingu. Rætt var hvaða þætti þyrfti að hafa í huga við áhrifamatið og áðferðafræðin og kvarðar rifjuð upp.

2. Vatnsaflsvirkjanir - tillögur að áhrifamati

Haukur rifjaði upp og gerði grein fyrir öllum kostum í vatnsafla. Skipt var í undirhópa eftir viðföngum: a) jarðminjar og vatnafar: Freysteinn, Haukur og Magnús. Ólafur bættist síðan í hópinn og sömuleiðis Gísli fyrir vatnafar, b) vistgerðir og jarðvegur: Kristinn, Ólafur, Snorri og Þóra Ellen, c) plöntur og fuglar: Kristinn, Snorri og Þóra Ellen, d) fiskar og smádýr í vatni: Gísli og Hilmar, e) menningarminjar: Auður, Ragnheiður og Sólborg. Hver undirhópur vann tillögur að einkunnagjöf með rökstuðningi fyrir áhrifamat fyrir sitt svið.

3. Kynning á tillögum að einkunnum fyrir vatnsaflsvirkjanir

Hver undirhópur kynnti sínar tillögur.

Fundi slitið kl. 20.

9. janúar

Fundur hófst kl. 8:30.

4. Kynning á tillögum að einkunnum fyrir vatnsaflsvirkjanir, frh.

5. Jarðvarmavirkjanir – tillögur að áhrifamati

Magnús rifjaði upp og gerði grein fyrir háhitakostum. Nokkur umræða um hvernig vinna ætti áhrifamatið fyrir háhitasvæðin. Víða vantar upplýsingar um staðsetningu virkjana og gæði gagna geta verið mismunandi eftir undirsvæðum og því erfitt að meta áhrif á einstök undirsvæði.

Ákveðið var að sameina og gefa eina einkunn fyrir sum undirsvæði þar sem ekki voru til nægar upplýsingar um einstaka þætti fyrirhugaðra framkvæmda eða ef vantaði upplýsingar um einstök viðföng. Að öðru leyti var áhrifamatið unnið eins og fyrir vatnsaflskostina.

Hengilsvæðinu var skipt upp í þrjú svæði:

1. Hengill sunnan Þjóðvegjar (Meitill, Gráuhnúkar, Hverahlíð)
2. Hengill norðan Þjóðvegjar (Hellisheiði, Innstidalur)
3. Hengill austur (Bitra, Ölkelduháls, Þverárdalur)

Grændalur var metin sér líkt og gert var fyrir verðmætamatið.

Kerlingafjöll voru metin sem eitt svæði og svo og Torfajökulsvæðið. Áhrifamat var unnið fyrir önnur undirsvæði eins og þau hafa verið kynnt.

Skipt var í sömu undirhópa og áður var kynnt og vann hver tillögu að áhrifamati fyrir sitt svið.

Fundi slitið kl. 20:15.

10. janúar

Fundur hófst kl. 8:30

6. Endurskoðun verðmætamats og AHP-röðunar fyrir verðmætamat

Við samanburð á AHP-röðun verðmætamats og niðurstöður verðmætamatsins var ákveðið að endurskoða verðmætamat á nokkrum svæðum. Einróma var samþykkt breytingar á verðmætamati fyrir vistgerðir og jarðveg í Kerlingafjöllum, Torfajökulsvæðinu, Bjarnaflagi og Þeistreykjum. Rannveig mun senda út breyttar niðurstöður verðmætamats til fundarmanna.

Einnig var AHP-röðun endurunin fyrir þau svæði þar sem mestu munaði á verðmætæinkunn og raðeinkunn í AHP. Farið var yfir forsendur og rök aftur en það skilaði sér ekki í verulegum breytingum á AHP-röðuninni. Í meginatriðum gefur AHP-röðunin sömu niðurstöðu og verðmætaröðin. AHP röðunin leiddi fyrst og fremst til hækkunar á nokkrum ósnortnum svæðum.

7. Kynning á tillögum að einkunnum fyrir jarðvarma

Hver undirhópur kynnti og rökstuddi sínar tillögur að áhrifamati fyrir háhitasvæðin og rökstuddi. Ekki vannst tími til að ljúka öllum kynningum og var ákveðið að gera það á næsta fundi, þriðjudaginn 12. janúar.

Fundi slitið kl. 17.

Komið í hlað á Orkustofnun um kl. 18.30